

Fundargerð foreldrafélags leikskólans Furugrundar

Aðalfundur 15. október 2018 kl. 17.30 – 19.30

Haldinn í leikskólanum Furugrund

Mættir: Starfsmenn og foreldrar leikskólans Furugrundar, fráfarandi stjórn foreldrafélagsins

Helga Elínborg Jónsdóttir leikskólastjóri er fundarstjóri og setur fund.

Dagskrá fundar:

- Formaður foreldrafélagsins fer yfir skýrslu stjórnar leikskólaárið 1. september 2017 – 31. ágúst 2018.
 - Kosning endurskoðanda
 - Kosning í stjórn foreldrafélagsins
 - Kosning í foreldraráð
 - Gjald foreldrafélagsins ákveðið
 - Leikskólastjóri fer yfir leikskóladagatal 2018-2019
 - Önnur mál
-

1. Helga Dögg Flosadóttir formaður foreldrafélagsins fer yfir skýrslu stjórnar og stöðu á bankareikningi í byrjun og lok tímabilsins 30.9.2017 – 30.9.2018 skoðuð. Staða á bankareikningi í byrjun tímabils er 26.336 kr. en staða bankareiknings í lok tímabils er 67.864. Skýrsla stjórnar er samþykkt athugasemdalaust. Rætt var einnig að foreldrafélag Furugrundar gaf einnig leikskólanum gjöf sem keypt var í gegnum Kickstarter en gjöfin mun koma í nóvember 2018.
2. Eva Dögg Eggertsdóttir var kjörin skoðunarmaður reikninga.
3. Fráfarandi stjórn foreldrafélagsins gefur kost á sér að sitja áfram og er það samþykkt með þeim breytingum að Sif Hauksdóttir og Karólína Lárusdóttir bætast við. Nýja stjórn foreldrafélagsins fyrir árið 2018 - 2019 skipa því eftirtaldir; Gyða Rut

Vildísardóttir, Silja Georgsdóttir, Helga Dögg Flosadóttir, Margrét Friðriksdóttir og Eva Ósk Eggertsdóttir, Karólína Lárusdóttir og Sif Hauksdóttir. Leikskólastjóri, Helga E. Jónsdóttir er tengiliður leikskólans við stjórn.

4. Kosnar í foreldraráð Furugrundar eru Lovísa Guðmundsdóttir og Bergdís Geirsdóttir ásamt Soffíu Weishappel. Einnig er leikskólastjóri Helga E. Jónsdóttir í foreldraráði.
5. Gjald í foreldrafélagið var ákveðið 6000 krónur fyrir starfsárið 2018 – 2019.
6. Leikskólastjóri fer yfir leikskóladagatal 2018 – 2019, Erasmus verkefni kynnt, jólaball ákveðið þann 9. des. kl. 13.30, athuga þarf með sumarbústað fyrir útskriftarnemendur næsta vor.
7. Önnur mál; samþykkt var að fá ljósmyndara til að taka myndir af börnunum einhvern tímann á næsta ári – 2019, farið yfir starfsmannahald Furugrundar sem er gott, Samband ísl. sveitarfélaga hefur gefið út að eftir 31. des. 2018 þá verður öllum Facebook bloggsíðum lokað á leikskólunum en tekið verður upp nýja kerfið, Vala, sem er sama kerfið og Reykjavíkurborg er með og er í senn upplýsinga- og innskráningarkerfi. Endurbætur á leikskólanum, viðhald s.s. myglusveppur, húsið málað var einnig til umræðu.

Fundi er slitið 19.00 af Helgu Elínborgu Jónsdóttur og er foreldrum boðið upp á súpu í kjölfar fundarslita.

Helga Hanna Þorsteinsdóttir skrifaði fundargerð.